

Þingfundargerð 23. Þings Keilusambands Íslands

21. maí 2016 í Félagsheimili Þórs

Hamri við Skarðshlíð, Akureyri.

1. Þingsetning.

Þórarinn Már Þorbjörnsson, Fomaður KLÍ setti þingið kl. 14:00. Mínútu þögn var til minningar um þá keilara sem féllu frá á tímabilinu.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þórarinn Már Þorbjörnsson tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta í 20. Skipti og Valgeir Guðbjartsson sem þingritara og voru þeir samþykktir samhljóða.

Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins, en svo var ekki.

3. Kosnar fastanefndir.

Fyrirlágu tillögur um fulltrúa í allar nefndir frá Keiludeild ÍR og Keilufélagi Reykjavíkur, og komu uppástungur úr sal með fulltrúa frá öðrum félögum.

a) Kjörbréfanefnd:

Andrés H. Hreinsson
Theodóra Ólafsdóttir
Skúli Freyr Sigurðsson

b) Fjárhagsnefnd:

Sigríður Klemensdóttir
Valgeir Guðbjartsson
Magnús Reynisson

c) Laga- og leikreglanefnd:

Hafþór Harðarson
Stefán Claessen
Þórir Ingvarsson
Guðmundur Sigurðsson
Björn Kristinsson

d) Alsherjarnefnd:

Svavar Þór Einarsson
Jóhann Ágúst Jóhannsson
Guðjón Júlíusson
Þorleifur Jón Hreiðarsson

e) Kjörnefnd:

Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Geirdís Hanna Kristjánsdóttir

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Þórarinn Már fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrsla yfir starfsemi KLÍ á síðasta ári liggur fyrir, en stiklaði ÞMP á stóru; KLÍ stóð að Evrópumóti unglina í mars s.l. og tókst afskaplega vel til og hefur fengið mikið hrós fyrir, þannig að KLÍ getur haldið slík stórmót hér á landi. Norðurlandamót unglina fór fram í Noregi í nóvember s.l. þar sem Arnar Davíð Jónson fór á kostum og varð þar í 2. Sæti í einstaklinga og síðan í 1. Sæti í samanlögðum árangri, og skaut þar atvinnumanninum Jesper Svensson ref fyrir rass. Mörg landsliðsverkefni hafa verið undanfarið og standa einnig fyrir dyrum. ÞMP tilkynnti að hann hyggðist draga sig í hlé frá formannsstörfum, og þakkaði öllum samstarfsmönnum fyrir liðin ár og óskaði komandi stjórn alls hins besta.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Sesselja Unnur Vilhjálmisdóttir, gjaldkeri KLÍ fór yfir ársreikningana. Rekstur KLÍ gekk vel á síðasta ári og tekjur urðu alls um 19 milljónir en gjöld um 17 milljónir, hagnaður ársins var um 2,1 milljón. Eigið fé er orðið um 11 milljónir.

Þingforseti gaf orðið laust um reikningana: ÞMP villdi taka fram að þessi árangur er mjög góður, og búið að ná upp eigið fé sambandsins þannig að eignin dugi fyrir 70% af rekstri sambandsins á einu ári. Hafþór Harðarson spyr hvort sé eðlilegt að sé að ná hagnaði uppá 2,1 milljón hjá sérsambandi eins og KLÍ, gjaldkeri sagði að þetta hefði tekist með ráðdeildarsemi. Og þá spurði Hafþór hvað ætti að gera við hagnaðinn; ÞMP svaraði því til að hann færi örugglega í afreksstarfið sem væri framundan, það væru stór og dýr mót framundan. Þingforseti bætti því við að tekjuflæði sérsambanda væri þannig að staðan þyrfti að vera þannig að hægt væri að eiga í sjóðum til að standa undir útstreymi fyrrihluta árs, þó svo að tekjur kæmu ekki inn fyrir en seint á ári.

Nú gaf þingforseti formanni kjörbréfanefndar orðið; Andrés H Hreinsson, mættir voru 31 fulltrúi; 10 fulltrúar frá Keildudeild ÍR, 9 fulltrúar frá KFR, 5 fulltrúar frá keiludeild Þórs, 1 fulltrúi frá Íþróttabandalagi Akureyrar, 3 fulltrúar frá keiludeild KR, 2 fulltrúar frá keiludeild ÍA, og 1 fulltrú frá ÍA. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar nú ársreikninga KLÍ til samþykktar, þeir voru samþykktir samhljóða.

6. Stjórnung leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

SUV, gjaldkeri KLÍ fór yfir fjárhagsáætlunina. Áætlaðartekjur umfram gjöld í endurmetinni áætlun fyrir 2016 fer úr 504 þús í hagnað í um 1350 þús og áætlun fyrir 2017 gerir ráð fyrir um 64 þús kr. hagnaði. Þingforseti leggur til að vísa þessari áætlun til fjárhagsnefndar sem þingskjali 1; Jóhann Ágúst Jóhannsson spyr hvort sé tekið mið af tilvonandi hækkunum sem séu yfirvofandi. Þingforseti vísar þesari umræðu til nefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreitingar þær sem fram hafa komið.

Þingforseti kallaði eftir hvort borist hefðu laga- og leikreglna breitingar; Þórir Ingvarsson gerði grein fyrir 4 tillögum sem liggja fyrir:

- a) Breytingar á reglugerð um Íslandsmót í Tvímenni Deildarliða – þingskjal 2.
- b) Breytingar á reglugerð um Íslandsmót Félaga – 2 tillögur – þingskjöl 3 og 4.

c) Breytingar á reglugerð um val á keilurum ársins – þingskjal 5.
Öllum þessum tillögum vísað til laga- og leikreglnanefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar.

Borist hefur erindi um aðstöðu keiluíþróttarinnar, almennt samþykkt að taka þessa tillögu til dagskrár, samþykkt samhljóða, Jóhann Ágúst Jóhannsson fylgdi henni úr hlaði stuttlega; tillagan gengur út á það að þingið samþykki ályktun um aðstöðumál íþróttarinnar - Þingforseti vísaði þessu sem þingskjali nr. 6 til Alsherjarnefndar.

Þinghlé og nefndarstörf hófust kl. 14:30 og stóðu til 15:40 í þinghléi voru bornar fram miklar og góðar veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum.

Talsmaður Alsherjarnefndar – Jóhann Ágúst Jóhannsson – leggur fram þingskjal 6, Ályktun vegna aðstöðu keiluíþróttarinnar í Reykjavík og Akureyri, með lítillsháttar orðalagsbreytingum úr nefnd.

Umræður um tillöguna; Andrés H. Hreinsson spurði hvort rétt væri að í ályktuninn væri sérstaklega minnst á bjórslettur og matarleyfar?, JÁJ – almenn væru menn sammála um innihaldið, en síðan væri spurning um nákvæmt orðalag; Ásgrímur Helgi Einarsson spurði hvort ætti að halda ÍA fyrir utan þetta eða hvort þeir vildu vera nefndir í þessari ályktun? Guðmundur Sigurðsson svaraði að þó svo að salurinn á Akranesi stæði öðrum framur þá stæð takmarkanir á stærð hans þeim fyrir þrifum, eins vildi hann bæta við að fyrir keilara, þá væru óþrif í húsunum beinlínis hættuleg. Þingforseti leggur til að því verði vísað til stjórnar að klára orðalag ályktunarinnar með þeim hætti sem hefði komið fram á þinginu, og lagði tillöguna í atkvæðagreiðslu með þeim formerkjum, tillagan var samþykkt samhljóða.

Talsmaður Laga og leikreglnanefndar – Þórir Ingvarsson – lagði fram þingskjal 2, og leggur nefndin til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt. Þingforseti leggur tillöguna til atkvæðagreiðslu, samþykkt samhljóða, eftir þessa breytingu þá er 4 grein í Reglugerð um Íslandsmót í Tvímenningi Deildarliða sem hér segir:

4. grein

Ef fjöldi þátttökuliða er 6 eða færri skal leika í einum riðli, allir við alla í hverri umferð.

Ef fjöldi liða fer yfir 6 lið skal skipta keppninni upp í tvo riðla og ef lið verða fleiri en 12 skal skipta keppninni upp í þrjú riðla. Dregið er í riðla eftir deildum, þ.e. fyrst eru kvennaliðin dregin í riðla, síðan karlaliðin og byrjað á efstu deild, þannig að sem jöfnust skipting sé í riðlana. Ef spilað er í tveimur riðlum skal fara fram úrslitakeppni í lokin þar sem tvö efstu liðin úr hvorum riðli spila tvöfalda umferð á einu kvöldi. Ef riðlarnir eru þrjú skal spila úrslitakeppni með einfaldri umferð, tvö efstu liðin úr forkeppninni. Eftir úrslitakeppni hlýtur efsta liðið titilinn Íslandsmeistari í Tvímenningi deildarliða. Ef leikið er í einum riðli og lið eru fleiri en 6 skal leika umferðina á tveimur kvöldum samliggjandi.

a sem hér segir:

Talsmaður Laga- og leikreglanefndar – Þórir Ingvarsson – leggur fram þingskjöl 3 og 4 þar sem þau fjalla um sömu reglugerðina, nefnd komst ekki að niðurstöðu og leggur því fyrst fram þingskjal 3 þar sem það er meiri breyting. Það sem vantar í þingskjalið er að 4 grein hefði átt að vera rauðmerkt þar sem það er breyting á núverandi fyrirkomulagi. Ef þingskjal 3 verður samþykkt þá fellur þingskjal 4 niður. Orðið gefið laust um þingskjal 3: Þorleifur Jón Hreiðarsson: mælir með að það sé tekið eitt ár í viðbót með núverandi kerfi, fá meiri reynslu á núverandi fyrirkomulag; Hafþór Harðarson: Leggur til eins og ÞJH lagði til að fá eitt ár í viðbót til að fá meiri reynslu á Baker fyrirkomulagið, aðeins að laga formið sem var í vetur, en halda áfram í eitt ár. Það sem drap þessa keppni í vetur var aðallega tvennt: það var skipt um olíuburð í hvert skipti, og síðan var keppni haldin kl. 09.00 á sunnudagsmorgnum. Stefán Claessen, sammála síðustu 2 ræðumönnum gefa þessari keppni séns í ár í viðbót. Þingforseti tekur þingskjal til afgreiðslu: fyrst breyting í 1 grein: felld með 6 athvæðum gegn 2; þeir sem samþykkja breytingar á 4 greind – tillaga felld með meginþorra athvæða.

Þingskjal 4: 1. grein tekin til atkvæða greiðslu: samþykkt samhljóða með smá breytingum; eftir breytingu þá er 1. grein í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga svo hljóðandi:

1.grein

Íslandsmót Félaga skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir þar sem leikið er allir við alla. Hver umferð skal leikinn í sama húsi og með sama olíuburð. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni, eitt kvenna og eitt karla. Sendi félag eitt lið til keppni má það vera blandað konum og körlum. Hvert lið skal skipað amk. 5 leikmönnum og að hámarki 7 leikmönnum (tveir varamenn) í hverri viðureign. Keppt er í opnum flokki. Þar sem öll lið sem skráð eru til keppni leika.

Næst var tekin til afgreiðslu 3 grein og viðbætur á henni: Samþykkt samhljóða, eftir afgreiðslu þá er 3. grein í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga svo hljóðandi:

3. grein

Keppt er í 5 manna baker fyrirkomulagi þar sem hver keilari tekur 2 ramma í leik (fyrsti leikmaður tekur 1. og 6. ramma, annar leikmaður tekur 2. og 7. ramma o.s.v.fr.). Spilaðir eru tveir leikir í hverri viðureign á sama brautarparinu. Ekki er heimilt að breyta uppröðun liðs í viðureign, en heimilt er að vera með eina innáskiptinu í hverri viðureign, innáskipting getur átt sér stað hvenær sem er í viðureigninni (t.d. eftir fyrra skot í ramma). Ekki er víxlað milli brauta fyrr en eftir fyrri leikinn þannig að lið A spilar fyrri leikinn á vinstri braut og lið B á þeirri hægri en svo skipta þau um braut fyrir leik tvö. Lið sem talið er upp á undan hefur leik á vinstri braut. Leitast skal eftir að spila heila umferð á sama kvöldinu en mótanefnd hefur heimild til að dreifa umferð á tvö kvöld ef fjöldi liða er þannig að umferð komist ekki fyrir á einu kvöldi. Stigagjöf: Tvö stig fást fyrir unnin leik og 2 stig fyrir heldarpinna eftir tvo leiki, samtals 6 stig í viðureign. Sé skor jafnt fær hvort lið eitt stig. Ef jafnt er að stigum að lokum öllum umferðunum sker heildarskor úr keppninni úr um sæti, þ.e. það félag sem er með hærra skor hlýtur efra sætið.

Næst var tekin til afgreiðslu 5. grein: Umræður, halda inni texta um almennar keppnisreglur KLÍ; Guðmundur Sigurðsson; finnst að konum sé mismunað ef fyrir lið fullskipað konum fær 8 pinna í forgjöf en ef blandað lið konum og körlum, þá er ekki forgjöf. Theódóra Ólafsdóttir, er ekki rétt að fella þessa kvenna forgjöf út? Jónína Magnúsdóttir, styður það. Þingforseti leggur til að þessi tillaga verði afgreitt í tvennu lagi: a) að texti um að almennar keppnis reglur KLÍ gildi og hins vegar b) um forgjöf fullskipaðs kvenna liðs. Liður a) samþykkt samhljóða, og liður b) felldur með meirihluta athvæða gegn 2, reglugerðin síðan samþykkt með áorðnum breytingum. Að þessu loknu þá er 5. Grein í Reglugerð KLÍ um íslandsmót félaga svo hljóðandi:

5. grein

Að öðru leyti gilda almennar keppnisreglur KLÍ. (nema konur fá ekki forgjöf í þessu móti)

Þingforseti þakkar laga- og leikreglanefnd fyrir störf sín. – en tók fram að þingskjal 5 kom ekki úr nefnd; Jóhann Ágúst Jóhannsson, ræddi um ástæður þess að þingskjal kom ekki úr nefnd, það var ekki samkomulag um breytingar á viðkomandi reglugerð. Þórir Ingvarsson, talsmaður nefndarinnar: Nefnd telur að stjórn sé hæf til að velja Keilara ársins, en að því sögðu þá eru athugasemdir í þingskjali góðar og gildar, hins vegar þá mun því vera beint til stjórnar að endurskoða stigalista þann sem er notaður til viðmiðunar við vali á keilurum, núverandi listi var útbúinn 2011 og þá var mikil umræða á sínum tíma, en þessi listi var búinn til sem viðmið og átti að endurskoða hann reglulega eftir því sem þróun og reynsla kæmi fram, ennfremur var það ákveðið að viðkomandi listi yrði leiðbeinandi en ekki ákvarðandi. Þetta er aðalástæða þess að tillagan er ekki að koma úr nefnd. Þingforseti: Þarna er greinilega ekki almenn sátt um viðkomandi stigalista, og þá þarf að ræða á formannafundi og hjá stjórn. Stefán Claessen; það er næsta ómögulegt að gera stigalista sem væri algerlega ákvarðandi til vals á keilara ársins. Ásgrímur Helgi Einarsson; algerlega sammála Stefáni, og leggur til að því verði vísað til stjórnar að leggja fyrir næsta formanna fund tillögu að breyttu fyrirkomulagi/breyttum stigalista. Jóhann Ágúst Jóhannsson; reglugerðin sem slík er frekar opin og óljós um hvernig stjórn KLÍ á að kjósa/velja keilara ársins og þarf að koma með skýrt verklag í reglugerðina þannig stjórn hafi skýrt verklag til að fara eftir.

Umræðum lokið um þingskjal 5.

Talsmaður Fjárhagsnefndar – Sigríður Klemensdóttir; fjallaði um fjárhagsáætlun sem var lögð fram sem þingskjal 1. Nefnd leggur til að áætlun verði samþykkt óbreytt, vildi hins vegar bæta við því að búist er við að fjöldi liða verði svipuð og verið hefur, vissulega hefur verið boðuð hækkun á brautarleigu hjá Keiluhöllinni, en á móti má gera ráð fyrir að fjöldi keppenda verði þá ívið minni þannig að ekki er gert ráð fyrir að þetta hafi áhrif á fjárhagsáætlun, nema þá ef eitthvað er bæði tekju og gjaldamegin. Hafþór Harðarson; tekjur vegna móta erlendis: hvað er þetta – Valgeir Guðbjartsson: þetta eru þau framlög frá keppendum og félögum þeirra vegna afreksstarfs og landsliðsferða. Þingforseti tekur til athvæðagreiðslu – fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Endurmetin áætlun 2016 gerir ráð fyrir hagnaði uppá 1351 þúsund og áætlun 2017 gerir ráð fyrir 64 þús. kr. hagnaði.

10. Önnur mál.

Hafsteinn Pálsson, Þingforseti gaf sjálfum sér orðið; HP bar kveðjur frá Stjórn ÍSí – þakkar samstarf á liðnu ári og vonast eftir jafngóðu samstarfi áfram. Minnst á samstarf íþróttahreyfingarinnar við Íslenska Getspá og hvað Getspá er mikilvæg fyrir hreyfinguna og nauðsyn þess að standa á bak við þá, gífurleg samkeppni við félög sem eru á netinu, með staðsetingu á aflandseyjum og annarsstaðar þar sem tekjur þeirra skila engu inn í íslenskt samfélag. Þess ber að geta að fyrir t.d. sérsamband eins og KLÍ þá eru tekjur sem koma beint og óbeint frá Getspá um 4-5 milljónir sem skipta svona sérsamband öllu máli. Það er Olympíu ár – spennandi að sjá hvað komast margir, síðasta ár þá var smáþjóðaleikaár á Íslandi, og með góðu samstarfi við samstarfsaðila þá gekk þetta vel upp, nema fjárhagslega þá setti mikinn blett að yfirvofandi verkföll sem voru í aðdraganda leikanna ollu því að margir afboðuðu komu sína, og hótél herbergi sem höfðu verið bókuð voru ekki nýtt.

Á þessu þingi hefur verið mikil umræða um aðstöðu mál og er það mikilvægt fyrir íþróttina að leiða þetta til lykta til eflingar fyrir greinina, mikil breyting hefur orðið á starfsemi sambandsins, meiri samstaða um regluverkið, samspil stjórnar og formannafunda hefur gengið vel, áður þótti óhugsandi að hægt væri að hafa keiluluping á einum eftirmiðdegi.

Að lokum hafði Hafsteini Pálssyni verið falið það af stjórn ÍSí að sæma fráfarandi formann Þórarinn Már Þorbjörnsson gullmerki ÍSí fyrir störf hans í þágu íþróttarinnar.

Þingforseti gaf Þóri Ingvarssyni síðan orðið, hann lagði fram tillögu um að stjórn KLÍ yrði falið að endurskoða stigalista til vals á Keilara Ársins, stig, vægi, mót, fjölgun/fækkun, og hvort eigi að birta listann eða ekki, Jóhann Ágúst Jóhannsson, lagði til að í þessa vinnu væri tvinnuð að laga/breyta reglugerðinni þannig að það sé skýrt hvernig Stjórn KLÍ skuli velja Keilara Ársins. Umræðu lokið og samþykkt samhljóða.

Hafþór Harðarson; vill að KLÍ veki meiri athygli á því að það að vera í afrekshóp og að vinna til verðlauna í keilu sé einhvers virði, t.d. hafði hann verið að ganga frá kúlu í tösku hjá sér meðan verið var að veita verðlaun í Íslandsmóti kvenna og hann hefði hreynlega ekki heyrt eða tekið eftir verðlaunaafhendingunni. KLÍ á að gera betur við að koma því á framfæri hvað sé í gangi, amk í húsinu er hægt að tilkynna hvað sé í gangi, kynna spilara ofl., þannig að t.d. almenningur sem sé í húsinu verði var við að það sé viðburður í gangi.

Ásgrímur Helgi Einarsson; Tók undir orð Hafþórs, telur að hægt sé að gera ýmislegt til að auka umfjöllun um keiluna, félögin og keilararnir þurfa að vinna saman í þessu. Sem fráfarandi formaður KFR þá þakkaði hann fráfarandi formanni KLÍ; ÞMP fyrir alla hans vinnu fyrir íþróttina og það væri mikið starf sem hann skildi eftir sig, bað alla um að þakka það með lófaklappi.

Stefán Claessen; sammála HH og AHE, skorar á Stjórn KLÍ að uppfæra heimasíðu KLÍ og gera hana notendavænni, það er ekki hægt að treysta því að nota Facebook eða aðra samfélagsmiðla til upplýsingagjafa.

Umræðum undir Önnur mál lokið.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.

Talsmaður Kjörnefndar – Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir:

Einn aðili í framboði: Ásgrímur Helgi Einarsson – skoðast réttkjörinn formaður.

2 stjórnarmenn: 2 í framboði; Bjarni Páll Jakobsson og Hafþór Harðarson - skoðast réttkjörnir til 2 ára.

3 í varastjórn: 4 í boði; Stefán Claessen, Björgvin Helgi Valdimarsson, Valgeir Guðbjartsson og Björn Kristinsson. – kosning: fulltrúar félaga sóttu atkvæðaseðla og gengið til kosninga. Kjörnefnd gekk afsíðist til að telja. Úrslit:

1. Björgvin

2-3. Valgeir og Stefán

4. Björn

Rétt kjörnir: Björgvin Helgi Valdimarsson, Stefán Claessen og Valgeir Guðbjartsson

Tillaga um að kjör fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ verði vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða.

12. Kosnir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Tillaga um Jón Grímsson og Þórir Haraldsson – samþykkt samhljóða

Varamenn; tillaga um Pétur Helgason og Hjalta Ástbjartsson – samþykkt samhljóða.

13. Þingslit

Þingforseti gaf Ásgrími Helga Einarssyni, nýkjörnum formanni KLÍ orðið; þakkar þingheimi traustið með kjörinu til formanns og vonar að menn geti unnið af heilindum og krafti fyrir keiluna í heild sinni. Stjórn og félög þurfa að leggja sameinaða krafta í verkefnin tengd keilunni til að vinna henni gott brautargengi.

Þingforseti gaf þá Þórnari Má Þorbjörnssyni, fráfarandi formanni KLÍ orðið; þakkar öllum þinghaldið og hlý orð í hans garð, það er ýmislegt sem er á döfinni í keiluheiminum, það er verið að vinna að mótahaldi í kringum smáþjóðaleika, verið að reyna að koma keiluni inn á smáþjóðaleikana, en fyrst um sinn þá yrði þar mót sem væri í tengslum við smáþjóðaleikana, þakkaði síðan öllum fyrir þingið.

Þingforseti sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðarar heimkomu. Þingi slitið kl. 17:00